

**1081. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 4. nóvember 2019  
og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Marzellius Sveinbjörnsson varaformaður og Hafdís Gunnarsdóttir formaður.

**Embættismenn:**

Hjördís Bráinsdóttir, skjalastjóri og Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hjördís Bráinsdóttir, skjalastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Sindragata 4A, útboð og framkvæmd verkþátta. - 2018050038**

Lagt fram bréf sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, Axels Rodriguez Överby, dags. 1. nóvember 2019, þar sem lagt er til að samið verði við Húsasmiðjuna um hreinlætistæki og pípulagningarefni fyrir Sindragötu 4a á grundvelli tilboðs þeirra.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að tilboði Húsasmiðjunnar verði tekið.*

**2. Viðauki 11 við fjárhagsáætlun 2019 - 2018120062**

Lagður fram viðauki 11 við fjárhagsáætlun 2019. Um er að ræða 10,3 m.kr. aukin kostnað hjá velferðarsviði og 5,2 m.kr. lægri kostnað Þjónustuíbúða Hlíf. Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöður samantekins A og B hluta Ísafjarðarbæjar er 5.146.764,- eða lækkun afkoma úr kr. 44.486.764,- í kr. 39.340.000,- en áhrifin á sveitasjóð A hluta er aukinn kostnaður um kr. 10.298.988,- og því eykst rekstrarhalli úr kr. 86.319.131,- í kr. 96.618.119,-

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að viðauki 11 verði samþykktur.*

**Gestir**

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:08

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs - 08:08

Margrét Geirsdóttir fer af fundi kl. 08:26

**3. Viðauki 12 við fjárhagsáætlun 2019 - 2018120062**

Lagður fram viðauki 12 við fjárhagsáætlun 2019. Um er að ræða lækkun framkvæmda um 214 milljónir króna og aukna afkomu um 43,5 milljónir króna. Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samantekins A og B hluta Ísafjarðarbæjar er 43.500.000,- eða aukin afkoma úr kr. 39.340.000, í 82.840.000,- en áhrifin á sveitasjóð A hluta er 0,- og því óbreyttur rekstrarhalli kr. 96.618.119,-

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að viðauki 12 verði samþykktur.*

**Gestir**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs - 08:29

**4. Fjárhagsáætlun 2020 og framkvæmdaáætlun - 2019030031**

Umræður um framkvæmdaáætlun 2020 og drög að fjárhagsáætlun 2020.

*Umræður fóru fram.*

**5. Fjárhagsáætlun 2020 - gjaldskrárbreytingar fasteignagjalda - 2019030031**

Kynnt minnisblað Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, dagsett 30. október sl., vegna gjaldskrárbreytinga fasteignagjalda 2020.

*Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að tillaga fjármálastjóra að gjaldskrárbreytingum fasteignagjalda 2020 verði samþykkt, og verði þá notuð sem forsendur við fjárhagsáætlunarvinnu 2020.*

**6. Fjárhagsáætlun 2020 - 2019030031**

Lagt er fram minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, dags. 30. október sl., ásamt tillögu að uppfærðu ferli fjárhagsáætlunar 2020.

*Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarritara.*

**7. Kaup slökkvibifreiða vegna Dýrafjarðarganga - 2019100100**

Kynnt minnisblað Guðmundar Gunnarssonar, bæjarstjóra, dagsett 31. október sl., vegna kaupa á slökkvibifreiðum vegna Dýrafjarðarganga.

*Umræður fóru fram.*

**8. Húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar - 2018020026**

Tillaga bæjarfulltrúa Í-lista um aðgerðir til fjölgunar íbúa og íbúða:

„Bæjarfulltrúar Í-listans leggja til að Ísafjarðarbær leggi til hlutfé í stofnun félags sem hafi þann tilgang að stuðla að nýbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu. Félagið starfi með þeim hætti að kaupa álitlegar óbyggðar íbúðir sem skortur er á markaði og setji aftur á söluskrá þegar stytast fer í verklok byggingarframkvæmda.

Í fyrsta áfanga hafi félagið heimild til að eiga allt að þrjár íbúðir á hverjum tíma. Lagt er til að gert verði ráð fyrir kostnaði vegna þessa félags í yfirstandandi fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2020.

Í Húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar sem kynnt var í nóvember 2018, er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um á bilinu 400 til 800 á á næstu 4-5 árum.

Hærri talan miðast við miðspá II mannfjöldaspár sem nánar er komið að í skýrslunni og forsendur hennar gera ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu fiskeldis og aukna ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Að gefnum forsendum er þörf á nýjum íbúðum í sveitarfélaginu 10-25 íbúðir ári á árabilinu 2019 - 2022 að gefnum forsendum um mannfjöldapróun og lýðfræðilegar breytingar.

Þátttaka bæjarfélagsins í að fjölga íbúðum er liður í því að styðja að áðurnefndar spár um fjölgun íbúa gangi eftir.“

Á 444. fundi bæjarstjórnar var tillögunni vísað til frekari umræðna í bæjarráði.

*Bæjarráð felur bærarstjóra að vinna málið áfram.*

Edda María Hagalín og Axel Rodriguez Överby yfirgefa fundinn kl. 09:19

**9. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2019/2020 - 2019090036**

Lagður er fram tölvupóstur Jóns Þrands Stefánssonar, sérfræðings atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 31. október sl., með auglýsingu um byggðakvóta fiskveiðiársins 2019/2020.

*Bæjarráð felur bærarstjóra að sækja um byggðakvóta fyrir sveitarfélagið fyrir fiskveiðiárið 2019/2020.*

**10. Hverfisráð Öfundarfjarðar, nýting framkvæmdafjár - 2017010043**

Lögð er fram beiðni Ívars Kristjánssonar, formanns Hverfisráðs Öfundarfjarðar, dags. 7. október sl. og minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, dags. 31. október sl. vegna nýtingar framkvæmdafjár umfram það sem nú þegar hefur verið samþykkt.

*Bæjarráð samþykkir beiðni hverfisráðs Öfundarfjarðar um nýtingu framkvæmdafjár.*

**11. Ungmennafélag á norðanverðum Vestfjörðum - 2019110001**

Lagður fram tölvupóstur Viktoríu Rósar Þórðardóttur, dagsettur 1. nóvember sl., þar sem boðið er til ungmennafélags á norðanverðum Vestfjörðum þann 26. nóvember nk.

*Bæjarráð þakkar fyrir boðið og fagnar framtaki ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar. Bæjarfulltrúar eru hvattir til að sækja þingið.*

**12. Aðstaða sjóportsklúbbsins Sæfara við Suðurtanga 2 - 2019050091**

Kynnt minnisblað Guðmundar Gunnarssonar, bærarstjóra, dagsett 1. nóvember sl., vegna húsnæðis og aðstöðu sjóportsklúbbsins Sæfara.

*Umræður fóru fram.*

**13. Jafnréttisáætlun og jafnlaunakönnun - 2010050008**

Lagt fram bréf Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 30. október sl., um jafnréttisáætlanir sveitarfélaga.

*Lagt fram til kynningar.*

**14. Landsfundur Upplýsingar 2020 - styrkbeiðni - 2019100098**

Lagt fram bréf Pernillu Rein f.h. Upplýsingar, félags á sviði bókasafns og upplýsingafræða, dagsett 23. október sl., þar sem óskað er eftir styrk vegna Landsfundar félagsins í september 2020, og er bærarstjóra jafnframt boðið til fundarins.

*Bæjarráð felur bærarstjóra að ræða við bréfitara.*

**15. Úttekt á slökkviliði Ísafjarðarbæjar - 2016120057**

Lagt fram bréf Davíðs S. Snorrasonar f.h. Mannvirkjastofnunar, dagsett 22. október sl., vegna úttektar á slökkviliði Ísafjarðarbæjar.

*Bæjarráð felur bærarstjóra að fara yfir málið með slökkviliðsstjóra.*

**16. Samstarfshópur um friðlýsingar á Vestfjörðum - 2019100101**

Lagt fram bréf Freyju Pétursdóttur og Hildar Vésteinsdóttur f.h. Umhverfisstofnunar, dagsett 25. október sl., þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í samstarfshóp um friðlýsingar á Vestfjörðum innan marka Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að tilnefna fulltrúa í samstarfshópinn.*

**17. Fundargerðir 2019-2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 2019090035**

Fundargerð 875. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 25. október sl.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**18. Fundargerðir heilbrigðisnefndar og ýmis erindi 2019 - 2019020071**

Lagður fram tölvupóstur Antons Helgasonar f.h. Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, dagsettur 1. nóvember sl. ásamt fundargerð 124. fundar heilbrigðisnefndar frá 31. október sl. Á fundi heilbrigðisnefndar var m.a. farið yfir frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti nr. 7/1998, en þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu munu valda því að starfsemi heilbrigðiseftirlits dregst verulega saman.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**19. Hafnarstjórn - 207 - 1910026F**

Fundargerð 207. fundar hafnarstjórnar sem haldinn var 31. október sl. Fundargerðin er í 5 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**20. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 528 - 1910013F**

Fundargerð 528. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 28. október sl. Fundargerðin er í 9 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**21. Starfshópur um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal - 2 - 1910023F**

Fundargerð 2. fundar starfshóps um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal, sem haldinn var 29. október sl. Fundargerðin er í 5 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**22. Velferðarnefnd - 442 - 1910024F**

Fundargerð 442. fundar velferðarnefndar sem haldinn var 31. október sl. Fundargerðin er í 10 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

22.4 2017110061 - Reglur um afslátt af fasteignagjöldum fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 2020

Velferðarnefndin leggur til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að breytt tekjumörk miðist við vísitölu neysluverðs, 3,2%.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:41**

---

Arna Lára Jónsdóttir

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Hafdís Gunnarsdóttir

---

Hjördís Þráinsdóttir

---

Guðmundur Gunnarsson